

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

55. fundur.

að Hlíðavegi 6, 28. apríl 2005, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð bygginganefndar frá 12. apríl.
3. Fundargerð skólanefndar frá 25. apríl.
4. Fundargerð veitnanefndar frá 25. apríl.
5. Erindi samgöngunefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.
6. Sumarstörf og vinnuskóli 2005.
7. Drög að samstarfssamningi um embætti skipulags- og byggingafulltrúa.
8. Tillaga að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðulandsskóga.

Til kynningar: a) Aðalfundur Sauðahellis.
 b) Aðalfundur Baðfélags Mývatnssveitar.
 c) Aðalfundur Mýflugs.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund.
2. **Fundargerð bygginganefndar frá 12. apríl.**
Liðir 1,2 og 7 eiga við um Skútustaðahrepp.
Liðir 1 og 2 samþykktir.

Liður 7: Í umsókn Vogabænda ehf dags. 10. apríl er rætt um hugsanlega staðsetningu gistiskála sem sýndir eru á uppdrætti sem með fylgir. Á

upprættinum, sem er fremur ónákvæmur, kemur fram að staðsetning húsanna er að hluta til utan þess svæðis sem skilgreint er sem ferðapjónustusvæði. Enn fremur er hluti gistiskálanna utan þess lands sem eigendur Bjarkar hafa umráð yfir samkv. vitneskju sveitarstjórnar.

Því er ljóst að umsóknin sem umsækjandi nefnir raunar tillögu er ekki nægjanlega vel úr garði gerð.

Engu að síður mun sveitarstjórn veita stöðuleyfi til eins árs fyrir húsunum um leið og umsækjandi hefur skilað inn samþykki allra eigenda þess lands sem húsin munu standa á. Húsin verði síðan sett niður í samráði við byggingafulltrúa.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps mun láta gera breytingu á aðalskipulagi þannig að húsin verði innan svæðis sem skilgreint er sem ferðapjónustusvæði. Ljóst er að sú vinna tekur nokkra mánuði.

Þá bendir sveitarstjórn landeigendum á mikilvægi þess að gengið verði formlega frá landskiptum og að land þeirra verði deiliskipulagt.

Sveitarstjórn er ljóst að hið endanlega veitingavald liggur hjá henni.

Bygginganefndin á hins vegar að vera helsti ráðgjafi sveitarstjórnar og sérfróð um skipulags- og byggingamál. Við afgreiðslu þessa máls telur sveitarstjórn að ekki hafi verið viðhöfð nægjanlega vönduð vinnubrögð.

3. Fundargerð skólanefndar frá 25. apríl.

Liður 1: Oddviti greindi frá viðtali sem hún, formaður skólanefndar Hrafnhildur Geirsdóttir, Böðvar Pétursson, sveitarstjórnarmaður, Dagbjört Bjarnadóttir skólanefndarmaður og sveitarstjóri áttu við Jón Rúnar Hilmarsson, umsækjanda um stöðu skólastjóra.

Liður 2. Þarfnast ekki ályktunar við.

Liður 3: Samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð veitnanefndar frá 25. apríl.

Sveitarstjóra falið að ræða við Verkfræðistofu Norðurlands um ráðleggingar varðandi lagnir hitaveitunnar og möguleika til stækkunnar veitunnar.

5. Erindi samgöngunefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2005-2008.

Rætt var um áætlunina.

6. Sumarstörf og vinnuskóli 2005.

Borist hafa umsóknir frá Rakel Svövu Einarsdóttur, Skútahrauni 4a og Einari Má Haraldssyni Grænavatni um sumarstörf við íþróttamiðstöð.

Forstöðumaður leggur til að þau verði ráðin til sumarstarfa.

Borist hefur umsókn frá Erni A. Haukssyni, Stiklum, um sumarstarf við áhaldahús. Forstöðumaður leggur til að Örn verði ráðinn til starfans.

Borist hafa umsóknir frá sjö nemendum á yngsta ári (f. 1991) um starf hjá vinnuskóla. Ekki er þó víst að allir muni taka starfinu.

- 7. Drög að samstarfssamningi um embætti skipulags- og byggingafrúa.**
Lagt fram til kynningar.
- 8. Tillaga að sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðulandsskóga.**
Engar athugasemdir gerðar við tillöguna.

Til kynningar: Ingunn Guðbjörnsdóttir ráðskona í mötuneyti Reykjahlíðarskóla hefur sagt starfi sínu lausu frá 1. maí n.k. að telja.

Fleira ekki gert.
Fundí slitið.
Guðrún María Valgeirsdóttir,
Jón Óskar Ferdinandsson,
Kristján Stefánsson,
Birkir Fanndal Haraldsson,
Böðvar Pétusson.